

Nýsköpun innan starfandi fyrirtækja



KPMG býður sérsniðnar lausnir til að laða starfsfólk til þátttöku í nýsköpun innan starfandi fyrirtækja. Nýsköpun er með betri leiðum til að bregðast við breyttu starfsumhverfi, takast á við ógnanir og virkja tækifæri.

Af hverju nýsköpun?

Nýsköpun (e. Innovation) er mikilvægur þáttur í öllum almennum fyrirtækjarekstri. Á Íslandi hefur nýsköpun að mestu verið tengd við frumkvöðla og sprotafyrirtæki en innan allra starfandi fyrirtækja á sér stað nýsköpun í einhverjum mæli. Í raun er öllum fyrirtækjum nauðsynlegt að sinna nýsköpun til að lifa af í síbreytilegu umhverfi og fer mikilvægi nýsköpunar vaxandi með hverju ári.

Í nýlegri könnun KPMG á meðal 1.200 forstjóra um allan heim kom fram að stjórnendur hafa verulegar áhyggjur af nýsköpun innan sinna fyrirtækja. Þeir óttast að viðskiptavinirnir hverfi til samkeppnisaðila og að viðskiptamódelin þeirra verði fljótt úrelt. Stjórnendur á Íslandi geta ekki horft fram hjá þessari þróun og verða að mæta henni með árangursríkum aðgerðum.

Hvernig getur KPMG orðið að liði?

KPMG hefur að undanfögnu þróað lausnir fyrir fyrirtæki sem vilja auka nýsköpun innanhúss og hvetja starfsfólk til þátttöku. Okkar lausnir sameina þekktar aðferðir í nýsköpun og hefðbundin vöruþróunarferli en eru jafnframt sérsniðnar að þörfum hvers fyrirtækis, t.d. vinnusmiðjur, nýsköpunarráðgjöf og hringrás nýsköpunar innan fyrirtækja.

Vinnusmiðja

Mótað verkferli sem hefur það að markmiði að laða fram hugmyndir starfsmanna, þróa þær áfram og velja úr þær bestu. Í framhaldinu getur KPMG aðstoðað við frekari þróun og innleiðingu hugmyndanna ásamt því að aðstoða við mótun ferla í tengslum við aukna nýsköpun innanhúss.

Nýsköpunarráðgjöf

Ráðgjafar KPMG vinna með hugmyndasmiðum innan fyrirtækisins og aðstoða við að gera hugmyndirnar að veruleika. Starfsmenn hafa aðgang að ráðgjöfunum eftir samkomulagi til að þróa og vinna hugmyndir þeirra áfram.

Hringrás nýsköpunar

KPMG vinnur með fyrirtækinu við að þróa leiðir sem grípa hugmyndir í fæðingu og velja úr þær vænlegustu sem síðan eru þróaðar áfram. Þannig verður til stöðugt ferli nýsköpunar innan fyrirtækisins.

Ávinningurinn er skýr

- Auknar tekjur af nýjum lausnum
- Sótt fram á nýja markaði
- Árangursrík leið til vaxtar
- Aukinn kraftur í vöruþróun og nýsköpun
- Vel mótaðar hugmyndir að nýjum vörum/þjónustu
- Starfsmenn hugsa betur um hag heildarinnar og möguleika á nýjungum
- Stjórnendur fá öflugt tæki í starfsþróun
- Vörn gegn nýjum samkeppnisláusnum og samkeppnisaðilum

Hafðu samband

Sævar Kristinnsson
skristinnsson@kpmg.is

Stefán Pór Helgason
shelgason@kpmg.is

Sími 545 6000